

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr.61/1990.

Kristín Benjamínsdóttir

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Soffiu Benjamínsdóttur Polhemus

f.h. dánarbús

Steinunnar Sveinbjarnardóttur

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Erfðir. Framfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1990. Hún krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi áfrýjaði málinu með stefnu 12. mars 1990 og kvaðst krefjast þess, að allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina. Við munnlegan flutning málsins breytti hún þeirri afstöðu, og krefst hún nú einvörðungu staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta varðar skipti eftir Steinunni Sveinbjarnardóttur, sem andaðist 24. nóvember 1984 á dvalarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, en áfrýjandi og Soffia Benjamínsdóttir Polhemus, sem fer með mál þetta fyrir stefnda, eru dætur hennar og einkaerfingjar. Steinunn var 92 ára að aldri, er hún féll frá, og hafði búið á Sólvangi síðustu átta árin. Fyrri heimili hennar var í húsinu nr. 24 við Hellisgötu í Hafnarfirði, þar sem hún hafði áður búið með eiginmanni sínum og föður þeirra systra, er andaðist í janúar 1954. Hvarf hún úr húsinu í september 1975 vegna heilsuþrests, en hún var þá lögð inn á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Dvaldist hún þar fram í apríl 1976, er hún vistaðist að Sólvangi. Húsið að Hellisgerði 24 var aðaleign Steinunnar, er hún fluttist þaðan, en var selt í umboði hennar með kaupsamningi 26. febrúar 1982, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Snýst ágreiningur í málinu um andvirði hússins.

Nokkur töf varð á því, að gengið væri til búskipta eftir lát Steinunnar, en með bréfi 27. janúar 1986 bað lögmaður áfrýjanda um opinber skipti á búinu. Hófst skiptameðferð í skiptarétti Hafnarfjarðar 19. febrúar 1987, eftir að lögmaður stefndu kom að málinu. Var stofnað til skiptaréttarmáls hinn 19. ágúst sama ár með aðild áfrýjanda og systur hennar, og tók það meðal annars til þeirrar kröfu, sem hér er til umfjöllunar. Því máli lauk með dómi Hæstaréttar 7. febrúar 1989, þar sem ágreiningi um kröfuna var vísað frá skiptaréttinum. Var Soffiu síðan veitt leyfi skiptaréttarins til að höfða mál þetta fyrir hönd búsins, sem gert var með stefnu, birtri 21. júní 1989.

Í málinu er það krafa stefndu, að áfrýjanda verði gert að standa búinu skil á söluandvirði eignarinnar Hellisgötu 24. Óumdeilt er, að áfrýjandi tók við öllu andvirðinu, jafnóðum og það féll til, og þá fyrir hönd móður sinnar. Annars vegar var um að ræða útborgun, er nam 518.750 krónum að frádregnum sölulaunum. Hins vegar voru tvö veðskuldabréf, að fjárhæð samtals 220.000 krónur, sem afhent voru við útgáfu afsals 12. október 1982. Átti að greiða skuldina með jöfnum árlegum afborgunum og 20% ársvöxtum á næstu fjórum árum., 1. júní ár hvert. Áfrýjandi annaðist varðveislu þessara bréfa og tók við greiðslum afborgana og vaxta. Voru tveir gjald dagar komnir, áður en móðir hennar andaðist.

Krafa áfrýjanda um sýknu í málinu er meðal annars á því reist, að þessi greiðslukrafa hljóti að teljast fyrnd á grundvelli laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Hafi málsmeðferð fyrir skiptarétti ekki slitið fyrningu, þar sem aðild að skiptaréttarmálinu hafi verið önnur en hér og kröfugerð ekki hin sama. Eins og greiðslukröfunni er háttað, verður að telja, að hún lúti tíu ára fyrningarfresti samkvæmt 2. tl. 4. gr., sbr. 2. og 3. gr. umræddra laga. Verða þessar mótbáru áfrýjanda ekki teknar til greina.

Sýknukrafa áfrýjanda er þó aðallega á því reist, að aldrei hafi stofnast til þeirrar skuldar, sem hér er krafid um. Hafi peningaeign móður sinnar þegar verið ráðstafað, áður en hún féll frá, og þá einkum til endurgreiðslu á fé, sem áfrýjandi og eiginmaður sinn hafi lagt fram til aðstoðar við hana um árabíl vegna viðhalds á eigninni að Hellisgötu 24 og persónulegra þarfa. Eftir andlátið hafi fjár-

munir til skipta ekki verið aðrir en eftirstöðvar fyrrgreindra skuldabréfa auk hlutabréfa í Eimskipafélagi Íslands. Við upphaf skiptameðferðar hafi áfrýjandi gert skiptaráðanda grein fyrir þessum eignum, og séu þær í vörslum lögmanns hennar.

Sem fyrr segir, tók áfrýjandi við öllu andvirði húseignarinnar að Hellisgötu 24. Hefur hún jafnframt staðfest, að hún og eiginmaður hennar hafi að miklu leyti annast nauðsynlegt fjárhald og eignaumsýslu fyrir móður sína síðustu æviárin. Telja verður, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, að viðtöku og vörslu þessara fjármuna hafi fylgt skylda til að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að tiltekin skil hafi verið gerð, áður en móðir hennar féll frá. Jafnframt ber að fallast á það með héraðsdómara, að fram lögð skattframtöl árin 1983 og 1984 séu ekki fullnægjandi heimild um fjárhag hinnar látnu. Við meðferð skiptanna og máls þessa hefur áfrýjandi ekki lagt fram gögn um útgjöld sín og eiginmanns síns í þágu móður sinnar. Hins vegar hafa þau lýst þessum kostnaði sínum í greinargerðum og aðilaskýrslu, eins og til er vísað í hinum áfrýjaða dómi. Telja þau framlag sitt vegna húseignarinnar nema samtals 375.000 krónum, en útgjöld vegna persónulegra nauðsynja samtals 185.000 krónum, og sé hvort tveggja varlega metið. Gerir áfrýjandi tilkall til þess, að umrædd útgjöld verði virt á móti umkröfðu andvirði húseignarinnar, og telur þau skýra þá stöðu dánarbúsins, sem hún hefur lýst.

Um réttmæti þessa tilkalls ber að líta til þeirra almennu upplýsinga, sem fram eru komnar í málinu um húseignina og hagi hinnar látnu. Hellisgata 24 var áður við Kirkjuveg og var timburhús, byggt um árið 1920. Eftir lát eiginmanns síns bjó Steinunn Sveinbjarnardóttir ein í íbúð þeirra hjóna og rak einnig hannyrðavörverslun í húsinu, er hún annaðist sjálf. Var verslunin lögð niður, er hún fluttist úr húsinu. Eftir brotthvarf Steinunnar stóð íbúð hennar ónotuð fram í marsmánuð 1977, en frá þeim tíma og til 1. júní 1982 var húsið leigt öðrum. Ekki verður séð, að Steinunn hafi haft teljandi tekjur eftir vistun sína á sjúkrahúsi og dvalarheimili. Hún naut ekki greiðslna úr lífeyrissjóði, og ellilífeyrir hennar rann til heimilisins, svo sem staðfest er í fyrrgreindum framtölum.

Samkvæmt frásögn áfrýjanda og eiginmanns hennar var samband þeirra mæðgna mjög náið, og voru þau hjónin helsta stoð Stein-

unnar, þegar á leið. Soffía, dóttir hennar, var hins vegar búsett í Bandaríkjunum frá árinu 1950 og naut ekki sömu aðstöðu til að sinna móðurinni. Ljóst er af því, sem fyrr var rakið, að húseignin við Hellisgötu hefur þarfnast verulegs viðhalds á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Er ekki ástæða til að efa, að áfrýjandi hafi lagt fram nokkurt fé vegna þess. Um það nýtur þó ekki við neinna gagna, og verður hún að bera hallann af því. Hefur áfrýjandi ekki gert slíka grein fyrir þessum útgjöldum, að unnt sé að taka tillit til þeirra á móti kröfu stefndu.

Greiðslum sínum vegna persónulegra þarfa móður sinnar hefur áfrýjandi lýst á þá leið, að um sé að ræða ýmis minni háttar útgjöld á þeim 10 árum, sem liðið hafi, eftir að veikindi hennar komu til skjalanna, svo sem vegna fatnaðar, snyrtingar, ýmissa nauðsynja og gjafa. Enn fremur kveðst hún hafa greitt útfararkostnað, 34.000 krónur. Tilkall sitt til greiðslu vegna þessa setti áfrýjandi fram við skiptaráðanda, áður en mál þetta var höfðað. Eins og samskiptum áfrýjanda og móður hennar var háttað, verður krafa hennar ekki talin fallin niður vegna fyrningar. Að öllu athuguðu verður krafan ekki talin ósanngjörn, og er rétt að viðurkenna hana með fyrrgreindri heildarfjárhæð, 185.000 krónum.

Að teknu tilliti til þessa ber að viðurkenna kröfu stefnda um greiðslu á andvirði Hellisgerðis 24, sem áfrýjandi tók við. Er það fyrrgreind útborgunarfjárhæð, 518.750 krónur, ásamt afborgunum af fyrrgreindum skuldabréfum 1. júní 1983 og 1. júní 1984, 55.000 krónur í hvort skipti, ásamt sammingsvöxtum í hvorum gjalddaga, 44.000 krónum og 33.000 krónum. Síðari greiðslur af skuldabréfunum eru í vörslum lögmanns áfrýjanda, sem hefur boðið þær fram, og er ekki nauðsyn að dæma áfrýjanda til skila á þeim.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda gert að greiða stefndu samtals 705.750 krónur að frádregnum 185.000 krónum, þ.e. 520.750 krónur. Eftir atvikum þykir rétt að miða upphaf vaxta við þann tíma, er skipti hófust á búinu. Ber áfrýjanda að greiða fjárhæðina með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verður staðfest.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kristín Benjamínsdóttir, greiði stefndu f. h. dánarbús Steinunnar Sveinbjarnardóttur, 520.750 krónur, með ársvöxtum sem nema 10% frá 19. febrúar 1987 til 21. sama mánaðar, 11% frá þeim degi til 1. maí s. á., 12% frá þeim degi til 21. júní s. á., 13% frá þeim degi til 1. júlí s. á., 14% frá þeim degi til 11. s. m., 15% frá þeim degi til 11. september s. á., 16% frá þeim degi til 21. s. m., 17% frá þeim degi til 11. október s. á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 21,5% frá þeim degi til 21. s. m., 22% frá þeim degi til 1. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s. m., 22% frá þeim degi til 1. mars s. á., 20% frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% frá þeim degi til 11. s. m., 24% frá þeim degi til 21. s. m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s. á., 25% frá þeim degi til 1. september s. á., 12% frá þeim degi til 11. október s. á., 9% frá þeim degi til 21. s. m., 7% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 6% frá þeim degi til 1. desember s. á., 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá þeim degi til 21. s. m., 9% frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 10% frá þeim degi til 1. mars s. á., 11% frá þeim degi til 21. s. m., 15% frá þeim degi til 21. maí s. á., 16% frá þeim degi til 1. júní s. á., 17% frá þeim degi til 11. s. m. og 18% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1989.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 15. nóvember sl., hefur Soffía Benjamínsdóttir Polhemus, Rt. Kearney, Nebraska, Bandaríkjunum, f. h. dánarbús móður sinnar, Steinunnar Sveinbjarnardóttur (nnr. 8492-

4954), síðast til heimilis að Sólvangi, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. júní 1989, á hendur Kristínu Benjamínsdóttur (kt. 301121-3429), Brekkugerði 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til þess að greiða dánarbúi Steinunnar Sveinbjarnardóttur söluandvirði fasteignarinnar Hellisgötu 24, Hafnarfirði, eins og það var ákveðið í kaupsamningi, dags. 26. febrúar 1982, 750.000 kr., að frádrögnum sölulaunum, 11.250 kr., þ. e. 738.750 kr., að viðbættum vöxtum, svo sem hér segir:

— — —

Þá er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins ásamt sölu- og virðisaukaskatti lögum samkvæmt, og beri málskostnaður vexti samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Sáttaumleitaniir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi f. h. dánarbúsins, Soffía Benjamínsdóttir Polhemus, segir málavexti vera þá, að stefnda, Kristín Benjamínsdóttir, og hún sé alsystur. Móðir þeirra, Steinunn Sveinbjarnardóttir, hafi andast á Sólvangi í Hafnarfirði 24. nóvember 1984, 92 ára gömul. Hún hafi verið eigandi að húseigninni Hellisgötu 24, Hafnarfirði, en úr húsinu hafi hún flust árið 1975. Soffía Benjamínsdóttir Polhemus segist hafa verið búsett í Bandaríkjunum um áratugaskeið, en stefnda, Kristín Benjamínsdóttir, sé búsett hér á landi.

Eftir að móðir þeirra hafi verið farin úr húsi sínu að Hellisgötu 24 í Hafnarfirði og húsið verið leigt út frá mars 1977 til vors 1982, hafi stefnda tekið við öllum leigugreiðslum. Á þeim hafi hún ekki gert nein skil. Þegar húseignin hafi verið seld samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 26. febrúar 1982, hafi stefnda á sama hátt tekið við öllum greiðslum á söluandvirði hússins. Söluandvirði þess hafi verið 750.000 kr., og þar af hafi verið greitt út í peningum 530.000 kr. á tímabilinu 26. febrúar til 5. október 1982, en fyrir eftirstöðvunum, 220.000 kr., hafi kaupandi gefið út tvö skuldabréf með 20% ársvöxtum, sem greiða skyldi niður á næstu fjórum árum, í fyrsta sinn 1. júní 1983. Stefnda hafi veitt viðtöku öllum greiðslum á kaupverðinu (útborgun í peningum og skuldabréf) að undanskildum 11.250 kr., sem greiddar hafi verið Árna Gunnlaugssyni hrl. í sölulaun. Meðal annarra hafi eiginmaður stefndu, Guðmundur Björnsson, staðfest, að stefnda hafi móttekið söluandvirði hússins. Þessum verðmætum hafi stefnda ekki fengist til að skila til dánarbúsins.

Sérstök athygli stefndu hafi verið vakin á því að ávaxta söluandvirði hússins sem best, þar sem Soffía, systir hennar, ætti hagsmuna að gæta í því sambandi sem væntanlegur erfingi. Stefnda hafi upplýst, að hún legði andvirðið inn á sérstakan reikning í Iðnaðarbankanum í Reykjavík með góðum vöxtum.

Lögmaður stefndu hafi óskað eftir opinberum skiptum á dánarbúi Steinunnar Sveinbjarnardóttur með bréfi til skiptaráðandans í Hafnarfirði, dagsettu 27. janúar 1986. Málið hafi fyrst verið tekið fyrir í skiptarétti Hafnarfjarðar 19. febrúar 1987. Þar hafi fljótlega komið fram, að stefnda ætlaði sér ekki að skila söluandvirði Hellisgötu 24, að minnsta kosti ekki þeim hluta, sem greiddur hefði verið í peningum sem útborgun. Hafi stefnda sagt þessa peninga að hluta hafa farið til greiðslu skulda við sig og eiginmann sinn, sem Steinunn heitin hefði stofnað til við þau vegna viðgerðarkostnaðar á húsinu. Engin gögn þessu til staðfestu hafi stefnda getað lagt fram, hvorki reikninga fyrir húsviðgerðum né skuldaviðurkenningu. Hafi Soffía, systir stefndu, því mótmælt að taka þessa skýringu stefndu til greina. Þá hefði stefnda áður haldið því fram í bréfi, dagsettu 28. ágúst 1983, til Soffíu, að móðir þeirra hefði þurft að borga fyrir dvöl sína á Sólvangi, 40 Bandaríkjadali á dag, en það sé rangt, þar sem vistgjöld þar séu greidd af ríkistryggingum.

Stefnda hafi enn fremur viljað miða skiptin við eignir og skuldir búsins, eins og þær hafi verið taldar vera á dánardægri Steinunnar heitinnar samkvæmt síðasta skattframtali hennar (framtal 1984 fyrir árið 1983). Þetta skattframtal hafi verið undirritað af Eiríki Pálssyni, þáverandi forstjóra Sólvangs, og hafi ekkert komið fram um það, að Steinunn heitin hefði veitt honum umboð til þess, enda ef til vill skiljanlegt sökum aldurs hennar og hrumleika. Samkvæmt skattframtalinu hafi hún ekkert átt eftir af þeim 530.000 kr., sem borgaðar hafi verið út í húsinu 1982, né af afborguninni og vöxtunum, sem greiddir hafi verið af áðurgreindum skuldabréfum í júní 1983.

Við athugun á skattframtali Steinunnar heitinnar 1982 fyrir árið 1981 komi hins vegar fram, að hún hafi ekkert skuldað, áður en húsið hafi verið selt. Sama komi í ljós á skattframtali hennar 1983 fyrir árið 1982, þ. e. engar skuldir séu fram taldar, en útborgun í húsinu, 530.000 kr., ekki talin fram til eigna og engin grein gerð fyrir því, hvað af þessum peningum hefði orðið. Skattframtalið 1984 geti því á engan hátt talist sönnun fyrir eignum búsins, enda mótmælt af stefnanda.

Við meðferð málsins fyrir skiptarétti hafi verið reynt að ná samkomulagi á milli aðila, en án árangurs, þar sem stefnda hafi neitað, að umrædd útborgun kæmi til skipta. Hafi því verið stofnað til sérstaks skiptaréttarmáls, þar sem tekið hafi verið til úrskurðar annars vegar, hvert skiptaandlag

dánarbúsins væri, og hins vegar sú krafa stefndu, sem fram hafi komið á síðasta stigi málsins fyrir skiptarétti, að hún teldist ein erfingi búsins. Reisti stefnda þessa síðari kröfu sína á því, að hún teldi Soffiu, systur sína, hafa afsalað sér arfi eftir móður þeirra.

Úrskurður skiptaréttar hafi verið upp kveðinn 8. desember 1987. Þar hafi meðal annars verið úrskurðað, að söluandvirði Helligstötu 24, 750.000 kr., að frádregnum sölulaunum, 11.250 kr., skyldi koma til skipta, og jafnframt hafi Soffía Benjamínsdóttir Polhemus verið sýknuð af kröfu stefndu um, að hún væri ein erfingi að eignum dánarbúsins. Þessum úrskurði hafi stefnda áfrýjað til Hæstaréttar, og hafi dómur gengið þar 7. febrúar 1989.

3.0.

Stefnandi f. h. dánarbúsins, Soffía Benjamínsdóttir Polhemus, segir m. a. svo frá um viðskipti sín við stefndu, að með bréfi stefndu til sín, dags. 3. ágúst 1981, hafi hún sent sér plagg, sem hún hafði látið útbúa. Í plagginu standi, að Soffía óski eftir, að húseignin Helliggata 24 verði færð á nafn stefndu, og enn fremur, að Soffía afsali sér erfðarétti eftir móður sína. Í bréfi stefndu til Soffíu, sem fylgdi með, segi svo um þetta atriði:

„Til þess að geta selt húsið nægir ekki plaggið, sem þú sendir okkur, m. a. er það óundirskrifað, og það þarf líka að koma fram í yfirlýsingunni, að þú afsalir þér erfðarétti, að öðrum kosti er ekki hægt að selja húsið. Við fórum til bæjarfógetans í Hafnarfirði, og gaf hann okkur þær upplýsingar, að yfirlýsingin frá þér þyrfti að vera svona (vélritaða blaðið, sem fylgir).

En til hægðarauka fyrir þig, af því að ég veit, að þú hefur ekki íslenska ritvél, ætla ég að senda þér óundirskrifaða yfirlýsingu, sem þú myndir svo skrifa undir og senda mér. Notarius publicus þarf að votta undirskrift þína á skjalið, svo að allt sé löglegt. Þetta eru eingöngu formsatriði, sem bæjarfógetinn í Hafnarfirði þarf á að halda.“

Stefnandi segir, að augljóst sé, að hér beiti stefnda Soffíu hreinum blekkingum, bæði til að reyna að fá húsið fært yfir á sitt nafn (þá hafi móðirin verið enn á lífi og því ekkert erfðafall orðið) og enn fremur til að fá Soffíu til að afsala sér arfi. Í lokin taki stefnda svo fram, að eingöngu sé um formsatriði að ræða, það er málamyndagerning.

Í framhaldi af þessu bréfi stefndu hafi Soffía farið til notarius publicus í heimafylki sínu í Bandaríkjunum og undirritað þar umrætt plagg. Hafi hún síðan sent það Árna Gunnlaugssyni hrl. í Hafnarfirði til athugunar, en hann hafi endursent henni það með þeim ráðleggingum, að það skyldi ekki afhent stefndu, enda engin ástæða til þess. Stefnda hafi því aldrei fengið skjalið í hendur. Hins vegar hafi hún eða lögmaður hennar með

einhverjum hætti komist yfir ljósrit af skjalinu, og því hafi hún ætlað að beita bæði fyrir skiptarétti og Hæstarétti.

Rétt sé að geta þess hér til upplýsinga, að þráfaldlega hafi komið fram hjá lögmanni stefndu, að þær systur báðar séu erfingjar að dánarbúi móður þeirra. Í beiðni hans frá 27. janúar 1986 til skiptaréttar, að búið verði tekið til opinberra skipta, segi svo: „Auk umbj. m. er systir hennar, Soffía E. Benjamínsdóttir, erfingi í búi þessu.“

Í fyrsta þinghaldi málsins 19. febrúar 1987 sé bókað svo eftir lögmonnum aðila: „Skv. upplýsingum lögmannna eru erfingjar hinnar látnu systurnar, sem greindar eru hér að framan.“ Í þinghaldi 7. júlí 1987 sé bókað: „Lögmenirnir lýsa því nú, að þeir séu sammála um, að eignir dánarbúsins eigi að skiptast til helminga milli erfingjanna tveggja.“

Í úrskurði skiptaréttar hafi Soffía Benjamínsdóttir Polhemus verið sýknuð af þeirri kröfu stefndu, að hún væri ein erfingi að eignum móður málsaðila. Þessa hafi hins vegar ekki verið getið í úrskurðarorði. Stefndu hafi áfrýjað málinu í heild til Hæstaréttar, og hafi þessum þætti málsins verið heimvísað með svofelldum ályktarorðum:

„Skiptaráðanda var ekki rétt að úrskurða samtímis um þetta ágreiningsatriði jafnframt hinu fyrra. Aðilar og vitni gáfu ekki skýrslur fyrir dómi, svo sem þörf var á. Í úrskurðarorði er úrslita þessa ágreiningsefnis ekki getið. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð, einnig að því er varðar þetta ágreiningsefni, og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.“

4.0.

Stefnandi f. h. dánarbúsins, Soffía Benjamínsdóttir Polhemus, hefur upplýst eftirgreint um málsástæður sínar vegna þess þáttar málsins, er tekur til sjálfs erfðaandlagsins, sem tekið var til úrskurðar af skiptarétti Hafnarfjarðar og síðan í Hæstarétti, þ. e. þeim verðmætum, sem stefnt er út af í þessu máli, nánar tiltekið söluandvirði Helligstötu 24.

Stefnandi segir, að skiptaréttur hafi úrskurðað, að söluandvirði húseignarinnar skyldi koma til skipta. Hæstiréttur hafi vísað þessum þætti málsins frá skiptarétti með svofelldum ályktarorðum:

„Ofangreind krafa stefndu fyrir skiptaréttinum er í reynd fjárfrafa dánarbúsins á hendur einum erfingja þess, áfrýjanda í máli þessu. Telja verður, að skiptaréttur hafi ekki dómsvald til að úrskurða um slíkt ágreiningsefni, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878, enda gat yfirlýsing lögmannna fyrir skiptaréttinum ekki breytt þeirri skipan mála. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð að þessu leyti og vísa þessum þætti málsins frá skiptaréttinum.“

Í framhaldi af þessari niðurstöðu Hæstaréttar hafi Soffía Benjamínsdótt-

ir Polhemus óskað leyfis skiptaréttar til að mega höfða mál fyrir bæjarþingi f. h. dánarbúsins á hendur meðferfingja sínum og stefndu í þessu máli til að fá hana skyldaða með dómi til að greiða dánarbúinu söluandvirði nefndrar fasteignar ásamt vöxtum. Að fengnu því leyfi sé mál þetta höfðað.

Svo sem fram komi í hæstaréttardóminum, telji dómurinn, að krafa Soffiu fyrir skiptarétti varðandi skiptaandlagið sé í reynd fjárkrafa á hendur stefndu og verði því ekki úrskurðuð af skiptarétti. Hafi því orðið að leita með mál þetta til bæjarþings til úrlausnar, og sé málhöfðun þessi byrjuð innan þess sex mánaða frests, frá því að dómur Hæstaréttar hafi verið upp kveðinn, svo sem mælt sé fyrir um í 11. gr. laga nr. 14/1905.

Svo sem fram komi í stefnu, telji stefnandi, að stefndu beri ótvíræð skylda til að greiða dánarbúinu söluandvirði Hellisgötu 24, sem hún hafi sannanlega tekið við. Það sé eign dánarbúsins, og haldi stefnda því fyrir búinu með ólögmætum hætti. Staðhæfingar stefndu um, að þeir peningar, sem hún hafi mótttekið vegna sölu hússins, hafi verið upp urnir, þegar móðir málsaðila andaðist, séu hreinlega rangar, enda þeim staðhæfingum algjörlega mótmælt af hálfu stefnanda. Sama sé að segja um þær fullyrðingar Kristínar, að Steinunn heitin hafi skuldað sér og eiginmanni sínum. Þær fullyrðingar styðjist ekki við nein gögn, og sé þeim einnig mótmælt af hálfu stefnanda svo og þeim yfirlitum um eignir búsins, sem lagðar voru fram í skiptarétti af hálfu stefndu.

Þá bendir stefnandi á, að stefnda hafi beitt sig blekkingum um erfðaafsal og kostnað af dvöl Steinunnar heitinnar á Sólvangi, samanber það, sem rakið hafi verið hér að framan. Telur stefnandi, að allt þetta sýni ásetning stefndu í því að komast ein yfir söluandvirði Hellisgötu 24, en láta það ekki koma til skipta.

Stefnandi telur, að háttsemi stefndu, bæði með því að skila ekki peningunum svo og að reyna með blekkingum að fá Soffiu til að falla frá lögmætum erfðarétti sínum, kunni að vera ætlað brot á ýmsum ákvæðum í 26. kafla almennra hegningarlaga. Í þessu sambandi vísi stefnandi til 247. gr., 248. gr., 249. gr. og 2. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Enda þótt bæjarþing fjalli ekki um refsipátt mála, komi engu að síður fram í ákvæðum hinna tilvitnuðu greina almennra hegningarlaga skýrar reglur um ólögmæti þess að draga sér fjármuni, sem maður hefur í vörslum sínum (247. gr.), að fá mann til að aðhafast eitthvað með því að vekja á ólögmætan hátt eða hagnýta sér óljósa hugmynd hans um einhver atvik og hafa þannig af honum fé (248. gr.), að misnota aðstöðu sína, hafi maður fjárreiður á hendi fyrir aðra (249. gr.), að taka undir sig fjármuni, sem annar maður hefur eignast þau réttindi yfir, að verknaðurinn verður ekki samrýmdur réttindum hans (2. mgr. 250. gr.). Stefnandi telur, að ákvæði

þessara lagagreina styðji ótvírætt greiðsluskyldu stefndu á söluandvirði hússins til dánarbúsins.

5.0.

Stefnda segir málavexti vera þá, að 24. nóvember 1984 hafi Steinunn Sveinbjarnardóttir andast, sem hafi verið móðir málsaðila. Þann dag hafi því orðið erfðafall, og þá hafi erfðaréttur erfingja eftir hina látnu orðið virkur, þ. e. þeir erfi nettóandvirði þeirra eigna, svo sem þær hafi verið við erfðafall, ásamt áfallandi arði til skiptaloka.

Þessar eignir séu upp taldar á sérstöku yfirliti yfir eignir Steinunnar Sveinbjarnardóttur, er fyrir liggja sem málskjal og hafi ávallt verið til reiðu til afhendingar skiptarétti Hafnarfjarðar vegna dánarbús Steinunnar Sveinbjarnardóttur til umsjár, varðveislu og skipta, en slíkar óskir hafi ekki komið fram af hálfu skiptaréttarins.

Steinunn Sveinbjarnardóttir hafi verið fjár síns ráðandi fram í andlátíð, og hafi því aldrei komið til, að henni hafi verið skipaður sérstakur fjárhaldsmaður.

6.0.

Stefnda segir, að sýknukrafa sín byggist aðallega á því, að hún hafi aldrei stofnað til skuldar þeirrar, sem stefnt sé út af í máli þessu, við dánarbú móður sinnar, Steinunnar Sveinbjarnardóttur, en til vara, að um aðildarskort sé að ræða, og til þrautavara, að allar ætlaðar kröfur á hendur sér séu fyrndar.

Stefnda segir, að fjárkröfur stefnanda á hendur sér virðist vera ímyndaðar eignir við erfðafall eða eignir, sem stefnandi geri kröfu til, að arfláta hafi borið að eiga og verið skyldur til að láta eftir sig að honum látnum.

Arfláti hafi selt fasteign sína nr. 24 við Hellisgötu í Hafnarfirði 26. febrúar 1982. Það geti vart dulist nokkrum manni, að þar sem arfláti hafi verið fjár síns ráðandi, hafi honum verið þetta fullkomlega frjálst og engum komið við, þar á meðal hvorugum málsaðila. Arfláta hafi þetta ekki aðeins verið heimilt, heldur hafi honum líka verið heimilt að gera upp skuldir sínar, gefa gjafir og ráðstafa sínu fé að vild. Ekkert það komi fram í máli stefnanda, að arfláti hafi á einn eða annan hátt verið ósátt við þá aðstoð og þá umhyggju, sem stefnda hafi sýnt móður sinni, og ekkert sé það fram komið í málinu, að arfláti hafi talið sig eiga fjárkröfur eða aðrar kröfur á hendur stefndu eða nokkrum öðrum. Það sé einmitt slíkar kröfur, sem geti fallið í arf við erfðafall, en þær verði þá að vera fyrir hendi frá arfláta, en slíku sé ekki fyrir að fara í máli þessu.

Stefnandi hafi ekki lagt fram nein þau gögn, sem rennt geti stöðum undir

kröfugerð hans, og séu því allar kröfur stefnanda á hendur stefndu andvana fæddar.

Verði ekki fallist á þessi sjónarmið stefndu, sé rétt að sýkna hana vegna aðildarskorts, og ef ekki vegna aðildarskorts, þá vegna fyrningar.

Ef þeir fjármunir, sem stefnt sé út af í máli þessu, hefðu verið til við erfðafall 24. nóvember 1984 og stefnda væri talin til þessarar skuldar, hefði hinn sama dag fyrningarfrestur vegna krafna dánarbúsins á hendur þriðja aðila byrjað að líða. Fyrstu kröfur stefnanda fyrir hönd dánarbúsins á hendur stefndu, sem slíta mega fyrningu, komi fram í stefnu, út gefinni 14. júní 1989, fullu fjórum og hálfu ári frá upphafi fyrningarfrests. Sé því krafan, ef hún hefði einhvern tíma verið til, af þeim sökum fyrnd.

Stefnda tekur fram, að öllum dylgjum og ósmekklefum aðdróttunum í sinn garð sé vísað á bug sem röngum, siðlausum og innheimtumáli þessu algerlega óviðkomandi. Af því, sem rakið hafi verið, megi ljóst vera, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

7.0. Forsendur og niðurstaða.

Rétt þykir að víkja fyrst að þeirri málsástæðu stefndu, að sýkna beri hana vegna aðildarskorts, en stefnda rökstyður þessa málsástæðu sína ekki frekar. Lagt hefur verið fram í málinu endurrit úr skiptabók Hafnarfjarðar frá þinghaldi vegna skipta á dánarbúi Steinunnar Sveinbjarnardóttur 15. júní 1989, þar sem skiptaráðandinn veitir Soffiu Benjamínsdóttur Polhemus leyfi til að höfða mál fyrir bæjarþingi f. h. dánarbúsins á hendur með-erfingja sínum, Kristínu Benjamínsdóttur, til að krefja hana um greiðslu á söluandvirði fasteignarinnar Hellisgötu 24, Hafnarfirði. Ekki er því í verkahring þessa dómstóls að endurskoða þessa ákvörðun skiptaráðanda né meta efnislegar forsendur leyfisveitingarinnar. Er því málsástæðu þessari þegar af þeim sökum vísað á bug.

Þá telur stefnda, að kröfur stefnanda á hendur sér séu fyrndar. Telur hún, að ef þeir fjármunir, sem stefnt sé út af í málinu, hefðu verið til við erfðafall 24. nóvember 1984, eða stefnandi hefði þá átt kröfu til þeirra á stefndu, hafi þann sama dag byrjað að líða fyrningarfrestur vegna þeirra. Enn fremur telur stefnda, að fyrstu kröfur stefnanda, er slíta megi fyrningu, hafi ekki komið fram fyrr en í stefnu málsins.

Í skjölum málsins kemur fram, að stefnukröfur málsins hafi verið lagðar fram í skiptarétti Hafnarfjarðar 19. ágúst 1987 og úrskurðað hafi verið um þær þar 8. desember 1987. Með dómi Hæstaréttar 7. febrúar 1989 var úrskurður skiptaréttar um þær ómerktur og þeim þætti málsins vísað frá skiptaréttinum. Með stefnu, birtri 22. júní 1989, var svo mál þetta höfðað fyrir bæjarþinginu. Mál þetta var höfðað innan sex mánaða, frá því að dómur Hæstaréttar var upp kveðinn, þ. e. innan þess frests, er um getur

í 11. gr. laga nr. 14/1905, sem heimilar kröfueiganda, þótt fyrningarfrestur sé liðinn, nýja málshöfðun gegn varnaraðila í hinu fyrra máli, ef því máli hefur verið vísað frá.

Dómurinn lítur svo á, að þótt aðild kröfunnar sóknar megin sé ekki hin sama að formi til frá upphafi, sé samt sem áður um sömu kröfu að ræða. Telja verður, að krafa stefnanda hafi fyrst getað orðið gjaldkræf við erfðafall. Einnig verður að telja, að framlagning kröfunnar í dánarbú Steinunnar Sveinbjarnardóttur hafi slitið fyrningu. Þegar litið er til þessa og framhalds málsins að öðru leyti, verður einnig að vísa þessari málsástæðu stefndu á bug.

Skal þá vikið að þeirri meginmálsástæðu stefndu, að hún hafi aldrei stofnað til skuldar þeirrar við dánarbú móður sinnar, sem stefnt er út af í málinu. Árni Gunnlaugsson hrl. hefur upplýst í bréfi, dagsettu 30. júlí 1987, til lögmanns Soffíu Benjamínsdóttur Polhemus og staðfest fyrir réttinum, að hann hafi afhent stefndu greiðslurnar vegna söluverðs hússins nr. 24 við Hellisgötu í Hafnarfirði. Segir hann jafnframt í bréfinu, að stefnda hafi tjáð sér, að hún legði andvirðið inn á sérstakan reikning í Iðnaðarbankanum í Reykjavík með góðum vöxtum, og kveðst hann hafa skýrt Soffíu, systur hennar, frá þessu í bréfi, rituðu 28. júlí 1982. Stefnda hefur viðurkennt að hafa tekið við greiðslum þessum, og verður því að leggja til grundvallar, að árið 1982 hafi stefnda fengið afhentar vegna sölu umrædds húss 530.000 kr. í peningum að frádregnum sölulaunum, 11.250 kr., og 220.000 kr. í skuldabréfum.

Stefnda telur, að eignir stefnanda séu ekki aðrar en fram komi í skattframtölum arfláta árin 1983 og 1984, en ljósrit af þeim liggja fyrir í málskjölum. Á skattframtölum þessum er söluandvirði hússins ekki talið fram sem eign arfláta nema skuldabréfin tvö, upphaflega að fjárhæð 220.000 kr. Hins vegar er í skattframtali 1983 getið um sölu hússins og söluverð. Stefnda bendir einnig á, að móðir sín hafi verið fjárráða fram í andlátið og mátt ráðstafa eignum sínum að vild.

Stefnandi mótmælir því, að skattframtölin 1983 og 1984 sanni, að engir peningar hafi verið til í búi arfláta á dánardegi. Engin grein hafi verið gerð fyrir því, hvernig ráðstafað hafi verið þeim 530.000 kr. í peningum að frádregnum 11.250 kr. vegna sölulauna, sem stefnda hafi fengið afhentar árið 1982. Soffía Benjamínsdóttir Polhemus segir, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að arfláti hafi skuldað neitt á þessum tíma. Þá bendir stefnandi á, að skattframtölin undirriti arfláti ekki sjálf, heldur Eiríkur Pálsson, þáverandi forstjóri Sólvangs. Undirskrift hans staðfesti því ekkert af hálfu arfláta í þessum efnunum. Hún bendir einnig á, að í skattframtali árið 1982 sé gert ráð fyrir ýmislegu viðhaldi húseignarinnar, sem greitt sé af leigutekjum. Skattframtölin sem slík veiti engar upplýsingar um það, hvað hafi

orðið af umræddum peningum. Þau séu að þessu leyti gagnslaus og verði ekki lögð til grundvallar um það, hvað varð um útborgunina samkvæmt kaupsamningnum um húsið. Þá fullyrðir stefnandi, að þótt skattyfirvöld hafi enga athugasemd gert við framtölin, sanni það ekki heldur neitt um ráðstöfun peninganna.

Dómurinn telur, að þótt skattframtöl arfláta árin 1983 og 1984 gætu verið vísbending um eignarrétt á umræddri peningaeign á dánardegi Steinunnar Sveinbjarnardóttur, séu þau ekki ein sér fullnægjandi sönnun um hann.

Greinargerðir stefndu og eiginmanns hennar, Guðmundar Björnssonar, sem fyrir liggja í málskjöllum, um ráðstöfun peningagreiðslna vegna sölu húseignarinnar, eru ófullnægjandi. Ekkert bókhald eða fylgiskjöl hafa verið lögð fram. Samkvæmt frásögn stefndu virðist hún þó ásamt eiginmanni sínum hafa haft með höndum nokkurt fjárhald og eignaumsýslu vegna móður sinnar og húseignarinnar og ráðstafað öllu tiltæku fé. Ekkert liggur heldur fyrir frá móður stefndu um ráðstöfun fjárlins. Fullyrðingar stefndu verða af þessum sökum að teljast tortryggilegar, enda hvílir jafnan sú skylda á þeim, sem tekur við fjármunum annars, að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna. Þegar þessar staðreyndir eru virtar, telur dómurinn þær leiða til þess, að sönnunarbyrðin um eignarréttinn í máli þessu hvíli almennt á stefndu, þ. e., að á henni hvíli sú skylda að gera grein fyrir ráðstöfun þessara fjármuna.

Stefnda fullyrðir, að hún hafi haft veruleg útgjöld vegna hússins Hellisgötu 24, Hafnarfirði, og einnig vegna móður sinnar persónulega. Hefur stefnda og eiginmaður hennar, eins og áður er getið, gert sérstaka grein fyrir útgjöldum þessum. Telja hjónin sig m. a. hafa lánað Steinunni Sveinbjarnardóttur peninga, er hún hafi síðan endurgoldið með andvirði hússins. Á skattframtali árið 1982 var húsið talið til eignar, en engar skuldir vegna þess taldar fram, en framtal þetta var undirritað 10. febrúar 1982, en kaupsamningur um húseignina 26. febrúar 1982. Til ráðstöfunar eigna í þessu sambandi veitti Soffía stefndu sérstakt umboð. Ekkert skjalfest er þó lagt fram í málinu frá þessum tíma um lán þessi eða greiðslu þeirra. Ekkert liggur heldur fyrir um, hvenær ráðist var í viðkomandi framkvæmdir við húseignina né hverjir höfðu þær með höndum. Ekkert virðist heldur hafa verið skráð nánar um persónuleg útgjöld arfláta.

Eins og áður segir, telur dómurinn, að sönnunarbyrðin hvíli á stefndu um sannleiksgildi fullyrðinga sinna um útgjöld þessi. Útgjöld vegna húss og lóðar að Hellisgötu 24 eru sögð vera samtals 375.000 kr., en útgjöld vegna arfláta persónulega eru sögð vera 185.000 kr., samtals 560.000 kr. Hefur stefnandi mótmælt yfirliti og greinargerðum stefndu og eiginmanns hennar sem röngum. Ekki fer á milli mála, að tölur yfirlitsins hafa verið

áætlaðar. Einnig ber að líta til þess, að arfláti mun hafa haft aðrar tekjur, svo sem leigutekjur og ellilaun, sem ekki liggur ljóst fyrir, hvernig hafi verið ráðstafað, en stefnda virðist hafa annast útleigu hússins um nokkurra ára skeið. Samkvæmt þessu er óvissa um það, af hvaða eignum eða tekjum hugsanleg útgjöld hafi verið greidd og hversu hárrí fjárhæð þau hafi numið, þ. e. skýringum er ábótavant og sönnunargögn vantar.

Samkvæmt framansögðu verður ekki komist hjá því, að stefnda beri hallann af því, að hún hefur ekki gert viðhlítandi grein fyrir ráðstöfunum sínum á andvirði greindrar húseignar. Gegn mótmælum stefnanda verður stefnda ekki talin hafa sannað fjárhæð þeirra útgjalda, sem hún kann að hafa haft vegna arfláta og húss hans, enda hefur hún ekki fært fram nein gögn til sönnunar þeim kostnaði, sem hún segist hafa borið. Ber því að taka kröfur stefnanda að þessu leyti til greina að undanskildum útfararkostnaði, 34.000 kr., sem dómurinn fellst á, að komi til frádráttar stefnukröfum.

Stefnda hefur lagt fram yfirlit yfir eignir dánarbús Steinunnar Sveinbjarnardóttur 14. nóvember 1989, sem munu vera í vörslum lögmanns stefndu. Þar á meðal er að finna andvirði afborgana og vaxta umræddra skuldabréfa að hluta til. Þar sem þessir fjármunir hafa ekki verið afhentir stefnanda, koma þeir ekki til frádráttar stefnukröfum í þessu máli.

8.0.

Stefnandi hefur krafist vaxta, svo sem gerð hefur verið grein fyrir. Stefnda hefur mótmælt vaxtakröfunum, en mótmæli hennar eru órökstudd. Stefnda hefur ekki borið fyrir sig, að krafa um vexti væri fyrnd að hluta.

Stefnda tók við greiðslum vegna sölu hússins nr. 24 við Hellisgötu í Hafnarfirði. Bar henni skylda til að ávaxta féð eða svara af því vöxtum. Samkvæmt lögum um dómvexti nr. 56/1979, viðauka við lög nr. 85/1936, skyldu þeir vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir væru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma. Lög þessi gengu úr gildi 27. mars 1987 við gildistöku laga nr. 25/1987.

Eftir atvikum máls þykir rétt að fallast á varakröfu stefnanda um dómvexti af útborgun til fyrsta skiptafundar í dánarbúinu, þ. e. 19. febrúar 1987, en síðan dráttarvexti. Sama gildir um vexti af einstökum afborgunum skuldabréfa, þótt þeirra sé ekki krafist til vara, enda rúmast þeir innan kröfugerðar stefnanda. Við höfuðstól skuldabréfanna bætast 20% ársvextir, svo sem í þeim segir og stefnandi rekur í kröfugerð sinni, en af þeim vöxtum og af afborgunum bréfanna skal samkvæmt áðurgreindu reikna dómvexti frá 1. júní 1983 til 19. febrúar 1987, en dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Fallist er á, að dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar, svo sem stefnandi krefst.

Í dómsorði eru raktir fyrst vextir af útborgun (A). Höfuðstóll er lækkaður við erfðafall 24. nóvember 1984 vegna greiðslu útfararkostnaðar. Síðan koma fastir vextir af skuldabréfum (B) og síðast vextir af afborgunum og vöxtum af skuldabréfum (C).

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Lögmaður stefnanda var Árni Grétar Finnsson hrl. og lögmaður stefndu Kjartan Reynir Ólafsson hrl.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Kristín Benjamínsdóttir, greiði dánarbúi Steinunnar Sveinbjarnardóttur, 704.750 kr. að viðbættum vöxtum, svo sem hér greinir:

— — —

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.
